

## **YFIRLÝSING SKOÐUNARMANNS**

EFLA hefur yfirfarið framsetningu og upplýsingar um umhverfislega þætti í samfélagsuppgjöri Brims fyrir árið 2020.

**Endurskoðun á uppgjörinu er skipt í two meginhluta:**

### **1. Endurskoðun tölulegs uppgjörs**

- Töluleg gögn í umhverfishluta uppgjörsins voru sannreynd með því að taka prufugogn, valið af handahófi, úr bókhaldi, gagnabanka og úr útreikningum Brims auk viðbótargagna frá þjónustuaðilum og söluaðilum eftir því sem við átti.
- Endurskoðun var gerð á þeim stuðlum sem notaðir eru til að meta losun gróðurhúsalofttegunda vegna reksturs Brims ásamt útreikningum. Stuðlar voru uppfærðir sem taka mið af losunarstuðlum sem Umhverfisstofnun birti í nóvember 2020 fyrir helstu uppsprettur gróðurhúsalofttegunda í rekstri fyrirtækja þ.e.a.s. eldsneyti, samgöngur, orka, úrgangur og kælimiðlar.
  - Losunarstuðlar fyrir bruna á eldsneyti voru uppfærðir miðað við viðmið Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) frá 2006, sem eru uppfærðir reglulega.
  - Losun vegna notkunar á flugsamgöngum byggja á reiknívél Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), ásamt upplýsingum frá Icelandair Connect.
  - Losunarstuðlar fyrir framleiðslu á rafmagni og heitu vatni byggja á upplýsingum frá Veitum, þar sem það á við, en utan þess svæðis er notaður stuðull frá Umhverfisstofnun sem miðar við landsframleiðslu á rafmagni og heitu vatni árið 2018.
  - Losunarstuðlar vegna úrgangs sem fer í urðun byggja á reiknilíkani frá IPCC, þar sem gert er ráð fyrir hefðbundinni samsetningu á blöndun úrgangs á Íslandi síðastliðin 7 ár og ráðgert að 17% af metaninu sé safnað. Losunarstuðlar vegna lífræns úrgangs sem fer í moltugerð ásamt endurvinnsluúrgangi miðar við skil á Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda til IPCC.
  - Losunarstuðlar vegna kælimiðla byggja á hnatthlýnunarmætti viðkomandi kælimiðils sem kemur fram í Landsskýrslu Íslands um losun gróðurhúsalofttegunda.

### **2. Rýni á framsetningu umhverfisuppgjörs**

- Farið var yfir framsetningu umhverfisuppgjörs m.t.t. aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol.
- Kannaðir voru tilvísanir í staðla þar sem áhersla var lögð á að tengja við GRI sjálfbærnvísa (*e. Global Reporting Initiative*) og UFS leiðbeiningar (*e. ESG Reporting Guide*) þ.e.a.s. umhverfislega og félagslega þátta ásamt stjórnarháttum. UFS leiðbeiningarnar eru gefnar út af Nasdaq sem er leiðbeinandi staðall fyrir fyrirtæki til að sýna fram á samfélagslega ábyrgð í verki með birtingu samfélagslegra upplýsinga á samræmdan hátt.

Það er álit EFLU að umhverfisuppgjör Brims gefi réttar upplýsingar um umhverfisáhrif rekstursins árið 2020.

Reykjavík 15. mars 2021



F.h. EFLU

Eva Yngvadóttir, efnaverkfræðingur  
Samfélagssvið EFLU